

**Fundargerð samstarfsnefndar
Sambands íslenskra sveitarfélaga
og
Kennarasambands Íslands
vegna Félags grunnskólakennara**

77. fundur samstarfsnefndar Kennarasambands Íslands og Sambands íslenskra sveitarfélaga vegna Félags grunnskólakennara var haldinn fimmtudaginn 14. desember 2017 í Borgartúni 30 og hófst hann kl. 10:00.

Fundinn sátu: Guðbjörg Ragnarsdóttir og Ólafur Loftson frá FG. Af hálfu Sambands íslenskra sveitarfélaga, Atli Atlason og Bjarni Ómar Haraldsson sem einnig ritaði fundargerð.

Þá var gengið til dagskrár:

1. Eiga 10 mínútur þar sem sundkennari tekur á móti nemendum að teljast til kennslu eða gæslu - 1712021SA

Málið lítur að sundkennara sem kennir 30 mínútna kennslustundir í samstarfi við annan sundkennara en á milli og fyrir tímana skiptast þeir á að taka á móti nemendum. Spurningin er hvort 10 mínútur eru gæsla eða kennsla.

Niðurstaða:

Málið rætt. Afgreiðslu frestað til næsta fundar.

2. Hvenær tekur kennsluafsláttur 55 og 60 ára kennara sem ekki hafa afsalað sér kennsluafslætti gildi?

Niðurstaða:

Kennara njóta kennsluafsláttar frá upphafi þess skólaárs sem þeir ná 55 eða 60 ára aldri.

3. Hvernig er farið með veikindi í vetrarleyfi?

Samstarfsnefnd barst fyrirspurn um hvernig farið er með veikindi kennara í vetrarleyfi skóla?

Niðurstaða:

Á 46. fundi samstarfsnefndar LN og KÍ vegna grunnskólans 9. apríl árið 2002 var samþykkt að með veikindi í vetrarfrí skuli farið á sama hátt og veikindi í sumarleyfi.

4. Önnur mál

Rædd og kynnt nokkur mál sem tekin verða fyrir á næsta fundi.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 11:00